

Lögreglustjórafélag Íslands

Selfossi, 2. nóvember 2012.

Athugasemdir Lögreglustjórafélags Íslands

við 4. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur) á þingskjali 174 - 173. mál, lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013. Greininni er ætlað að breyta 8. gr. lögreglulaga um rannsóknir lögreglu.

I.

Í þeim frumvörpum til breytinga á lögreglulögum, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi á undanförunum misserum, hefur sú grein frumvarpanna, sem ætlað er að breyta 8. gr. lögreglulaga um rannsóknir lögreglu, tekið miklum breytingum. Nú er svo komið í því frumvarpi, sem liggur fyrir Alþingi, að mögulegt er að gera grundvallarbreytingar á forræði rannsókna í einstökum lögregluumdæmum með því að færa forræðið á rannsóknunum frá einu lögreglu-liði til annars. Verði það raunin veikir það verulega styrk hinna nýju lögregluliða og mun draga þrött og metnað úr þeim.

II.

Núgildandi fyrirkomulag á lögreglurannsóknum, samkvæmt 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, er í meginatriðum þannig, að öll lögreglulið landsins fara með forræði á rannsókn þeirra brota, sem koma upp í hverju umdæmi. Undantekning frá þeirri meginreglu eru þær tiltölu-lega fáu rannsóknir á alvarlegum og stærri brotum, sem falla til 7 rannsóknardeilda. Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi á sínum tíma voru þau, að tryggja vandaðar rannsóknir þessara brota með því að safna reynslu og þekkingu saman í 7 rannsóknardeildum. Stjórn Lögreglu- stjórafélags Íslands er ekki kunnugt um annað en þetta fyrirkomulag hafi í meginatriðum gefist vel þrátt fyrir órökstudda fullyrðingu í frumvarpinu um að „[þ]etta fyrirkomulag [þyki] ekki hafa gefist vel að öllu leyti ...“.

III.

Með frumvarpi því til breytinga á lögreglulögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, er verið að stofna 6 ný lögregluumdæmi og fækka þeim úr 15 í 8 umdæmi. Um lögreglurannsóknir í umdæmunum 8 segir í 4. gr. frumvarpsins, sem breytir 8. gr. lögreglulaga: „Ráðherra setur, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara, nánari reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála.“ Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun 8. lögreglulaga vera svohljóðandi:

„Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærendur. Ráðherra setur, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara, nánari reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála.

Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum, samanburðarrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum og varðveiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum landsins og setur ríkislögreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.

Lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með lögregluvald mega ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórnarsýslulögum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr. Starfsmenn þess lögreglustjóra, sem vanhæfur er, geta þó rannsakað mál undir stjórn

annars lögreglustjóra nema þeir séu sjálfir vanhæfir til að fara með málið samkvæmt stjórnarsýslulögum. “

Um breytingar á rannsóknum lögreglu, sem felast í 1. málsgreininni, segir í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins:

„ ... gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að rannsóknir fari fram í því umdæmi þar sem brot er framið. Ekki er kveðið á um að sérstakar rannsóknadeildir verði starfræktar í öllum átta lögregluumdæmunum enda er það óþarft þar sem rannsóknir skulu fara fram í öllum umdæmum. Lögreglurannsóknir samþættast almennu lög- reglustarfi í umdæmunum og lögregluembættin eru vegna stækkunarinnar betur í stakk búin til þess að takast á við slík mál með skilvirkum hætti um leið og þau koma upp. Forræði rannsókna verður í því lögregluumdæmi þar sem brot eru framin eins og áður sagði. “

Ætla má eftir lestur athugasemdanna að sömu lögreglurannsóknir muni fara fram í öllum 8 lögregluumdæmunum og forræði rannsókna verði í umdæmi þess lögregluliðs, þar sem brot kom upp. En það er hins vegar ekki á nokkurn hátt tryggt eins og orðalagi 1. málsgreinar 8. gr. lögreglulaga er ætlað að vera. Henni er ætlað að segja það eitt að lögregla rannsaki brot í samráði við ákærændur og að ráðherra, að fengnum tillögum ríkissaksóknara, setji reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála.

IV.

Ef meginreglan, sem nefnd er í athugasemdumum, um að forræði rannsókna verði í því lögregluumdæmi þar sem brot eru framin, á að vera bindandi verður hún að koma fram í texta lögreglulaga.


Því er gerð sú tillaga að 1. mgr. 8. gr. lögreglulaga verði svohljóðandi:

“ Rannsókn refsiverðra brota er í höndum lögreglu í því umdæmi þar sem þau eru framin. Lögregla annast rannsókn brota í samráði við ákærændur. Ráðherra setur, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara, nánari reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála. “

Meginregla, um að rannsókn refsiverðra brota verði í höndum lögreglu í því umdæmi þar sem þau eru framin, girðir ekki fyrir að ráðherra, að fengnum tillögum ríkissaksóknara, geti sett reglur um samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála t.d. á stórum og alvarlegum brotum. Þannig má tryggja reynsla og þekking, sem byggst hefur upp í einu lögregluliði, nýtist í öðru lögregluliði.

Stjórnin er einhuga um ofangreindar athugasemdir og óskaði sértaklega eftir því við alla lögreglustjóra að þeir gerðu grein fyrir afstöðu sinni væru þeir ósammála. Ein athugasemd barst og fylgir hún hér með að neðan (bls. 3).

Virðingarfyllt,



Ólafur Helgi Kjartansson
formaður Lögreglustjórafélags Íslands